

80 smálestir af saltaðri Faxasíld, og einnig samið um breytingu á greiðslusamningi 8. des. Íslands og Póllands.

Utanríkisráðuneytið, hinn 6. desember 1952.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

81

8. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

82

8. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í landhelgi við Ísland á friðunarsvæði því, sem ákveðið er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Drátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags 82 Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið 8. des. því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og lög nr. 34 13. júní 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

83

8. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Yfirstjórn skólans hefur samgöngumálaráðuneytið.

Ráðherra skipar til 4 ára í senn fimm manna skólanefnd, er hefur á hendi yfirumsjón skólans. Skal nefndin skipuð einum matreiðslumanni, einum framreiðslumanni, einum veitingamanni og einum fiskiskipsmatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttarsamtaka, en fimmti nefndarmaðurinn án tilnefningar. Ráðherra skipar einn nefndarmannanna formann. Ráðherra skipar skólastjóra og kennara skólans, að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.